

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Signý Sæmundsdóttir

sópran

Björk Jónsdóttir

mezzosópran

David Tutt

píanóleikari



Þriðjudaginn 9.júlí 1991 kl. 20:30

Signý Sæmundsdóttir stundaði nám við Söngskólann og Tónlistarskólann í Reykjavík og fór eftir það utan og lauk ein-söngvaraprófi frá Tónlistarháskólanum í Vínarborg árið 1988. Hún hefur meðal annars tekið þátt í óperuflutningi bæði hérlendis og erlendis og kemur oft fram á tónleikum. Signý kennir við Nýja Tónlistarskólann.

Björk Jónsdóttir hóf söngnám við Tónlistarskólann í Kópavogi. Hún stundaði síðan nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan tónmenntakennaraprófi vorið 1982. Árið 1988 lauk Björk 8. stigs prófi frá Söngskólanum í Reykjavík, auk þess hefur hún sótt námskeið hjá prófessor Orin Braun og hjá Susanne Eken. Björk hélt sína fyrstu opinberu tónleika í Hafnarborg í nóvember 1990, hún söng hlutverk Maddalenu í Rigoletto á tveim sýningum í íslensku óperunni síðasta vetur, og síðastliðið vor tók Björk meðal annars þátt í flutningi Kórs Langholtskirkju á Jóhannesar-passíunni eftir Bach.

David Tutt hefur oft haldið tónleika á Íslandi. Hann stundaði píanónám í heimalandi sínu Kanada en lauk B.A. prófi frá Háskólanum í Indiana. Kennari hans þar var Georgy Sebok. David hefur unnið til margra verðlauna og hefur leikið einleik með símfóníuhljómsveitinni í Toronto, Edmonton og Calgary og með útvarpshljómsveitinni í Budapest. Árið 1988 hélt hann einleikstónleika í Wigmore Hall í London og gerði upptökur fyrir BBC. David Tutt starfar í Sviss og er búsettur þar.

Efnisskrá

Signý Sæmundsdóttir

Alban Berg Sieben frühe Lieder
Nacht (Carl Hauptmann)
Schilflied (Nikolaus Lenau)
Die Nachtigall (Theodor Storm)
Traumgekrönt (Rainer Maria Rilke)
Im Zimmer (Johannes Schlaf)
Liebesode (Otto Erich Hartleben)
Sommertage (Paul Hohenberg)

Dúettar

H. Schütz Wie ein Rubin in feinem Golde

L. Cherubini Dite almeno

Björk Jónsdóttir

Johannes Brahms Þrjú lög
Die Mainacht (L.H.Hölty)
Von ewiger Liebe (Josef Wenzig)
Ständchen (Franz Kugler)

Dúettar

Felix Mendelssohn Herbstlied (Klingemann)
Gruss (Eichendorf)
Ich wollt, meine Lieb ergösse sich (Heine)

Johannes Brahms Die Schwestern (Möricke)